



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

40. fundur, föstudaginn 18. mars 2011, kl. 14:00-16:40 í Orkugarði, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Agnar Olsen, Anna G. Sverrisdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni A. Jóhannesson, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Kjartan Ólafsson, Kristinn Einarsson (OS), Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Sveinbjörn Björnsson (ráðgjafi, frá 15:45), Unnur Brá Konráðsdóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Kristinn Einarsson ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Kristín Huld Sigurðardóttir og Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu).

Lagt fram á fundi: Fundargerðir 36., 37., og 38. fundar verkefnisstjórnar.

Fundarfrásögn

Svanfríður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Samþykkt fundargerða

Lagðar voru fram fundargerðir 36., 37. og 38. fundar með áorðnum breytingum í kjölfar athugasemda, og voru þær **samþykktar** svo breyttar.

2. Aðferðafræði við röðun virkjunarhugmynda

Formaður lagði fram tillögu vinnuhóps verkefnisstjórnar um að notuð yrði “hringferilsaðferð” við röðun virkjunarhugmynda út frá grafi með AHP raðniðurstöðum faghóps I á öðrum ásnum og faghóps II á hinum ásnum. Eftir yfirferð og umræðu um kosti og galla þeirra aðferða sem til greina kæmu var þessi **tillaga vinnuhópsins samþykkt**. Næsta skref yrði svo að grisja lista virkjanahugmynda, miðað við að val sumra hugmynda í vatnsafla útilokar um leið aðrar hugmyndir í sama vatnakerfi.

3. Útfærsla á töflum o.fl. í lokaskýrslu verkefnisstjórnar

Atriði sem fram ættu að koma í yfirlitstöflu: Heiti virkjunarhugmynda, nánari skýring, breyting vegna frádráttar (hugmynd fellur burt), afl, orkuvinnslugeta, skýringar”kassi” (mismunandi þörf er á ítarleika þar). Formenn faghópa byrja á að setja fram ábendingar um viðeigandi skýringar í “kassa” til umræðu á næsta fundi.

Þóra Ellen lagði til að tafla um svæði eftir verðmætum yrði höfð með. Hugmyndinni var vísað til starfshóps verkefnisstjórnar til skoðunar.

Guðni lagði til að hagkvæmniröð yrði höfð með í sérdálki í yfirlitstöflunni.

Kjartan lagði til að röðunartala allra faghópa kæmi fram í yfirlitstöflunni.

Þóra Ellen lagði til að örkaflar yrðu gerðir um hverja virkjunarhugmynd með niðurstöðum hvers faghóps í stuttu máli. Var þeirri hugmynd vel tekið af fundarmönnum.

4. Önnur mál

Tilkynnt var að fundur um sjálfbærnisráðgjafaráætlun yrði þriðjudaginn 23. mars kl.13-15. Áður yrði skýrslan í endanlegu formi send út með tölvupósti. Verkefnisstjórnarfundur yrði í kjölfarið kl.17-19. Rætt var um samfélagsáhrif virkjana og m.a. bent á að fyrir lægi doktorsritgerð Helgu Ögmundardóttur um viðhorf íbúa við Þjórsá til virkjana.

Kristinn Einarsson